



Forsætisnefnd

Veikindaleyfi kjörins fulltrúa.

Skrifstofu borgarstjórnar hefur borist tilkynning frá Daníel Erni Arnarsyni, varaborgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um veikindaleyfi til 1. janúar 2022 ásamt læknisvottorði. Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að sé borgarfulltrúi forfallaður frá störfum vegna slyss eða veikinda heldur hann launum eigi að síður í allt að einu ári.

Daníel hefur því verið skráður í veikindaleyfi frá og með 6. desember 2021 en á fundi borgarstjórnar 7. desember sl. samþykkti borgarstjórn að Anna Wojtynska taki sæti Daníels í mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráði.

Anna, sem skipaði 3. sæti á lista Sósíalístaflokks Íslands í síðustu borgarstjórnarkosningum, mun jafnframt gegna störfum 1. varaborgarfulltrúa flokksins í fjarveru Daníels.

Tilkynnist það forsætisnefnd hér með.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar